

# VELFERÐARNEFND BORGARBYGGÐAR

## REGLUR UM FJÁRHAGSAÐSTOÐ.

sbr. 21. grein laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

### I kafli. Almenn ákvæði

#### 1. gr.

Fjárhagsaðstoð skal veita í eftirtöldum tilvikum eftir því sem nánar er kveðið á um í reglum þessum:

1. Til einstaklinga og fjölskyldna sem hafa ónógar tekjur sér til framfærslu og geta ekki séð fyrir sér og sínum, sbr.12 grein og VI kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og III kafla þessara reglna.
2. Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsþjónustu, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, s.s. frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga. Ávallt skal kanna möguleika á annarri aðstoð en fjárhagsaðstoð s.s.ráðgjöf og leiðbeiningum.

#### 2. gr.

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Fólk sem er í skráðri sambúð í Þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð í Þjóðskrá í eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

#### 3. gr.

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð skal veitt sem lán ef umsækjandi óskar þess og / eða könnun á aðstæðum hans leiðir í ljós að eðlilegt er talið að gera kröfur um endurgreiðslu með tilliti til eigna eða framtíðartekna. Fjárhagsaðstoð á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er ætíð endurkræf.

### II kafli. Umsóknir um fjárhagsaðstoð

#### 4. gr.

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Skal umsækjandi dvelja á Íslandi á því tímabili sem hann fær fjárhagsaðstoð frá Borgarbyggð. Umsókn skal leggja fram á þar til gerðu eyðublaði, undirrituðu af umsækjanda. Þar skulu koma fram upplýsingar um m.a. persónulegar aðstæður, fjölda barna með lögheimili hjá umsækjanda, tekjur og eignir. Að jafnaði skulu hjón / sambýlisfólk bæði skrifa undir umsókn.

Við mat á beiðnum um fjárhagsaðstoð skulu liggja fyrir eftirtalin gögn:

- Tekjufirlit sem sýnir mánaðarlegar tekjur umsækjanda. Við gerð þess skulu liggja fyrir staðfestingar tekna síðustu tveggja mánaða, s.s. afrit launaseðla, greiðsluseðla frá Tryggingastofnun og vegna barnabóta.
- Umsækjandi skal skila staðfestu afriti af síðasta skattframtali sé þess óskað.
- Sé umsækjandi atvinnulaus skal hann framvísa staðfestingu frá Vinnumálastofnun um virka atvinnuleit.
- Stundi umsækjandi sjálfstæðan atvinnurekstur skal vera fyrir hendi, auk skattframtals umsækjanda, rekstrar- og efnahagsreikningur uppfærður til næstu mánaðarmóta fyrir umsóknardag.

#### **5. gr.**

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

Sé umbeðnum gögnum/upplýsingum ekki skilað innan 14 virkra daga frá því að félagsþjónusta óskar eftir þeim fellur vinnsla umsóknar niður nema gild ástæða liggja fyrir.

Neiti umsækjandi að skila umbeðnum gögnum/upplýsingum um sig eða maka stöðvast vinnsla umsóknar hans.

#### **6. gr.**

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur félagsþjónustan endurkafið viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

Í alvarlegum tilvikum skal málið tilkynnt til lögreglu.

### **III kafli Fjárhagsaðstoð til framfærslu**

#### **7. gr.**

Fjárþörf einstaklings: grunnupphæð er kr. 233.419 (2023) á mánuði og endurskoðast í janúar ár hvert miðað við launavísitölu í síðastliðnum nóvember.

Sú upphæð hækkar miðað við fjölskyldustærð þannig: að 2ja manna fjölskylda = 1,6 grunnupphæð og eftir það bætist við 0,2 grunnupphæð fyrir hvern einstakling.

Framfærslugrunnur vegna einstaklinga 18 ára og eldri sem sannanlega reka eigið heimili er 1,0, nú krónur 233.419. Með rekstri eigin heimilis er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning því til staðfestingar eða staðfestingu á reglulegum leigugreiðslum a.m.k. sl. 3 mánuði.

Fjárþörf einstaklings sem heldur heimili með öðrum skal reiknast 0,8 af grunnupphæð beri hann sannanlega kostnað af eigin húsnæði eða leiguhúsnæði.

Framfærslugrunnur einstaklinga 18 ára og eldri sem bera ekki kostnað af eigin húsnæði eða leggja fram þinglýstan leigusamning eða aðra staðfestingu á leigugreiðslum sl. 3 mánuði er 0,6 framfærslugrunni.

Framfærslugrunnur einstaklinga 18-25 ára sem búa með öðrum, hvort sem það er hjá foreldrum, ættingjum eða öðrum sem ætla má að taki þátt í framfærslu viðkomandi með beinum eða óbeinum hætti er 1/3 af grunnupphæð. Einstaklingar yfir 25 ára eiga rétt á 0,6 af grunnupphæð. Hafi einstaklingur, sem fellur undir ofangreint, forsjá barns skal viðkomandi reiknuð fjárhagsaðstoð til framfærslu eins og viðkomandi haldi heimili með öðrum eða 0,8.

- Hafi umsækjandi, sem metinn er vinnufær, ekki sýnt virkni í atvinnuleit m.a. með skráningu hjá Vinnumálastofnun, hafnað atvinnutilboði, sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa eða hafnað starfsleiðaráætlun, skal greiða honum hálfu grunnupphæð til framfærslu þann mánuð og mánuðinn þar á eftir. Einnig skerðist með sama hætti réttur umsækjanda sem hætt hefur þátttöku í átaksverkefni eða á námskeiði á vegum Vinnumálastofnunar nema veigamiklar ástæður mæli gegn því.
- Á meðan umsókn einstaklings er í vinnslu hjá Vinnumálastofnun vegna umsóknar um atvinnuleysisbætur eða Tryggingastofnun vegna umsóknar um endurhæfingar- eða örorkulífeyri á viðkomandi ekki rétt á fjárhagsaðstoð. Viðkomandi getur sótt um fjárhagsaðstoð í formi láns sem endurgreiðist að fullu strax að fenginni greiðslu frá Vinnumálastofnun eða Tryggingastofnun. Aðstoðin skal þó aldrei endurgreidd lengra aftur í tímann en frá þeirri dagsetningu sem bætur eru greiddar.
- Vasapeningar til þeirra er dvelja á meðferðarstofnunum skulu vera 1/3 af reiknaðri fjárþörf.
- Einstaklingar í námi eiga að jafnaði ekki rétt á fjárhagsaðstoð.
- Sé umsækjandi meðlagsskyldur og hafi staðið í skilum með greiðslur, skal taka tillit til áfallandi meðlagsgreiðslna til hækkunar á framfærslu, en greiða meðlög beint til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

### 8. gr.

Allar tekjur umsækjanda og maka hans/ sambúðaraðila í þeim mánuði sem sótt er um og tvo mánuði á undan eru taldar með við mat á fjárþörf. Með tekjum er hér átt við allar tekjur og greiðslur til umsækjanda og maka, þ.e. atvinnutekjur, allar greiðslur frá Tryggingastofnun (nema umönnunargreiðslur), greiðslur úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, atvinnuleysisbætur, fæðingarorlofsgreiðslur, meðlög, barnabætur, mæðra- og feðralaun, leigutekjur o.s.frv. koma til frádráttar. Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Húsaleigubætur, vaxtabætur og umönnunargreiðslur með börnum teljast ekki til tekna.

Ef um tímabundna ráðningu sem ekki er lengri en þrjú mánuðir er um að ræða, s.s. sumarstarf, þarf fjárhagsaðstoð ekki að taka mið af tekjum sl. 3 mánuði séu tekjur ekki yfir kr. 600.000 á mánuði.

Miða skal við heildartekjur áður en skattar eru dregnir frá.

Endurgreiðslur ofgreiddra skatta teljast ekki til tekna, enda ekki tekið tillit til skattaskulda eða annarra skulda einstaklinga við útreikning á fjárhagsaðstoð.

#### **9. gr.**

Við útreikning á fjárhagsaðstoð skal taka mið af eignum öðrum en íbúðarhúsnæði til eigin nota/ jörð sem búið er á.

Sé um aðrar eignir að ræða; fasteignir eða lausafé, skal velferðarnefnd fjalla sérstaklega um málið og umsækjanda skal að jafnaði vísað á almenna lánafyrirgreiðslu þó að tekjur hans séu undir viðmiðunarmörkum.

#### **10. gr.**

Fjárhagsaðstoð er að jafnaði ekki greidd aftur í tímann. Hafi réttur til fjárhagsaðstoðar verið ótvíræður mánuðinn áður en sótt er um er þó heimilt að greiða fjárhagsaðstoð 1 mánuð aftur í tímann.

### **IV kafli Heimildir til kostnaðarþátttöku eða fjárhagsaðstoðar vegna sérstakra aðstæðna**

#### **11. gr.**

Heimilt er að:

1. Greiða kostnað sem skapast vegna vinnu meðferðarmála og er nauðsynlegur til að tryggja öryggi eða velferð barna, s.s. persónulegur ráðgjafi, vistun, stuðningsfjölskyldudvöl, sumardvöl o.þ.h.
2. Greiða lögfræðikostnað eða kostnað vegna talsmanns þegar mál sæta meðferð skv. 46. og 47. grein laga 80/2002 með síðari breytingum um vernd barna og ungmenna.
3. Taka þátt í kostnaði vegna meðferðarviðtala hjá viðurkenndum meðferðaraðilum þegar tekjur umsækjanda eru undir 1,75 reiknuð fjárþörf. Miðað er við allt að kr. 8.500.- á hvert viðtal í allt að 10 skipti. Upphæðin endurskoðist í janúar ár hvert.
4. Veita fjárhagsaðstoð til að taka þátt í kostnaði vegna nauðsynlegra gleraugnakaupa og tannlækninga einstaklinga þegar tekjur umsækjanda eru við 1,75 reiknaða fjárþörf undanfarna 12 mánuði. Heimildin nær einnig til barna umsækjanda. Viðmiðunarmörk aðstoðar eru þriðjungur mánaðarlegrar grunnfjárhæðar. Kostnaðaráætlun tannlæknis skal fylgja með umsókn.

5. Veita fjárhagsaðstoð til náms, í formi framfærslu skv. reglum þessum, til einstaklinga sem átt hafa í félagslegum erfiðleikum og hafa ekki lokið grunnskóla eða framhaldsskóla. Viðkomandi skulu að jafnaði vera yngri en 25 ára og hafa haft atvinnutekjur undir eða við reiknaða fjárþörf sl. tólf mánuði. Leggja þarf inn umsókn tveimur mánuðum áður en námið hefst. Starfsmaður og námsmaður skulu gera með sér samkomulag um hvernig skuli staðið að eftirliti varðandi skólasókn og námsframvindu. Ákvarðanir um aðstoð skulu teknar fyrir hverja önn.
6. Veita fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar þegar eignir eru ekki til staðar í búi hins látna til að mæta útfararkostnaði. Umsækjandi skili staðfestingu frá sýslumannsembættinu á fjárhagsstöðu búsins og þar komi fram hversu mikið er til í búinu til að ganga upp í útfararkostnað, eða veiti heimild fyrir að þeirra upplýsinga sé aflað hjá sýslumanni.
7. Öðrum þeim tilvikum er að mati velferðarnefndar rúmast innan ákvæða 1. greinar.

## 12. gr.

Heimilt er að veita styrk til húsbúnaðarkaupa þeim, sem er eignalaus og haft hefur tekjur undanfarna þrjú mánuði sem eru við eða undir grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar, eða tekjur sex undanfarna mánuði lægri en lágmarks atvinnuleysisbætur (100%).

Styrkur samkvæmt 12. gr. getur að hámarki numið 1 af grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings, hjóna og sambúðarfólks auk 0,2 af grunnfjárhæð til einstaklings fyrir hvert barn umsækjanda sem á lögheimili hjá honum.

- A. Einstaklingi eða fjölskyldu sem hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum.
- B. Ungum foreldrum sem eru að eignast sitt fyrsta barn og hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða, til þess að kaupa útbúnað vegna barnsins, s.s. vagn, rúm eða hliðstæðan búnað.
- C. Sem er að stofna heimili eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun.

Húsbúnaðarstyrkir greiðast aðeins einu sinni.

## V. kafli. Heimild til ákvarðana, greiðsla fjárhagsaðstoðar.

### 13. gr.

Ef umsækjandi á rétt á aðstoð skv. III kafla eða 1. 2. 3. eða 4. mgr. 11. greinar og 12. greinar skulu starfsmenn félagsþjónustu afgreiða málið, skrá það og kynna síðan fyrir velferðarnefnd. Samþykktir skulu ekki gerðar til lengri tíma en 3ja mánaða í senn. Aðrar umsóknir um fjárhagsaðstoð skulu afgreiddar af velferðarnefnd.

### 14. gr.

Starfsmaður gengur frá greiðsluheimild til gjaldkera.

### **15. gr.**

Lán kemur því aðeins til útborgunar að gengið hafi verið frá tryggingu í samræmi við samþykktir með skuldabréfi eða öðrum tryggilegum hætti.

## **VI. kafli. Málsskot**

### **16. gr.**

Sé umsókn hafnað skal umsækjanda svarað skriflega svo fljótt sem unnt er og gerð grein fyrir forsendum synjunar. Umsækjanda skal ætíð gerð grein fyrir rétti til áfrýjunar til velferðarnefndar og/eða til Úrskurðarnefndar velferðarmála.

### **17. gr.**

Ákvörðunum starfsmanna er unnt að áfrýja til velferðarnefndar innan 4urra vikna. Ákvarðanir velferðarnefndar er unnt að bera undir Úrskurðarnefnd velferðarmála skv. lögum um félagsþjónustu nr. 40/1991.

---

Samþykkt í velferðarnefnd Borgarbyggðar 7. desember 2011.  
Staðfest af Sveitarstjórn Borgarbyggðar 8. desember 2011.  
Samþykkt breyting í Velferðarnefnd 5. febrúar 2014.  
Staðfest í sveitarstjórn 13. febrúar 2014.  
Samþykkt breyting í Velferðarnefnd Borgarbyggðar 9. apríl 2015.  
Staðfest í sveitarstjórn 21. apríl 2015.  
Samþykkt breyting í Velferðarnefnd 8. mars 2019.  
Staðfest í sveitarstjórn 14. mars 2019.  
Samþykkt breyting í velferðarnefnd Borgarbyggðar 5. janúar 2021.  
Staðfest í sveitarstjórn 14. janúar 2021.  
Samþykkt breyting í velferðarnefnd Borgarbyggðar 9. ágúst 2022.  
Staðfest í sveitarstjórn 8. september 2022.  
Samþykkt breyting í velferðarnefnd Borgarbyggðar 4. október 2022.  
Staðfest í sveitarstjórn 12. október 2022.  
Samþykkt breyting í velferðarnefnd Borgarbyggðar 8. febrúar 2023.  
Staðfest í sveitarstjórn 10. febrúar 2023.  
Samþykkt breyting í velferðarnefnd Borgarbyggðar 6. júní 2023.  
Staðfest í sveitarstjórn 8. júní 2023.